

Lekur legvatn?

Undir lok meðgöngu er algengt að útferð frá leggöngum hafi aukist og getur jafnvel verið ríkuleg. Einnig getur þvag lekið þegar kollur barnsins hefur skorðað sig í grind móðurinnar og þrýstingur á þvagblöðruna er mikill. Ekki er alltaf auðvelt að átta sig á því hvað lekur en **mikilvægt er að ganga úr skugga um það hvort um legvatn sé að ræða**. Ef þú ert í vafa hafðu samband við ljósmóður í meðgönguverndinni eða á fæðingarstað.



Ef grunur er um legvatnsleka athugaðu eftirfarandi:

- eru nærbuxurnar blautar?
- kemur gusa þegar þú hóstar?
- lekur áfram þegar þú hreyfir þig?
- er vökvinn lyktarlaus?
- hvernig er vökvinn á litinn?

Ef nærbuxurnar eru rennblautar, gusa kemur við hósta og hreyfingu, þá vaknar grunur um legvatnsleka. Legvatn er tært og svotil lyktarlaust. **Ef þú telur að legvatn leki skaltu ráðfæra þig við ljósmóður eða lækni.**

Stundum lekur legvatnið áður en fæðingin byrjar, stundum fer það meðan á útvíkkun stendur og stundum þegar barnið fæðist. Algengast er að legvatnið fari þegar útvíkkunin er langt komin eða þegar konan er byrjuð að rembast. Oftast koma hríðir í kjölfar legvatnsleka en þó kemur fyrir að þær láti bíða eftir sér. Ef líður meira en einn sólarhringur frá því að legvatnið fer, getur þurft að koma hríðunum af stað með hríðaörvandi hormóni. Það er gert á fæðingarstað.



Ef legvatnið lekur athugaðu þá eftirfarandi:

- Hafðu samband við ljósmóður í meðgönguvernd eða á fæðingarstað.
- Var kollur barnsins búinn að skorða sig? Ef ekki er ráðlagt að leggjast fyrir og panta sjúkrabíl á fæðingarstað.
- Ef legvatnið er gult, grænt eða blóðlitað, ættir þú að hringja strax á fæðingarstað.
- Ef legvatn lekur **fyrir 37 vikna meðgöngu**, er ráðlagt að leggjast fyrir og koma með sjúkrabíl á fæðingarstað.

